

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 51. stjórnarfundur.

Árið 2004, 4.maí var haldinn fundur í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands í Hermes Reyðarfirði.
Hófst fundurinn kl 17.00

Mætt voru: Jósef Friðriksson formaður stjórnar, Jón Halldór Guðmundsson, Ágústa Björnsdóttir,
Gunnlaugur Sverrisson, og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður.

Dagskrá:

1. **Starfsmannamál.**
2. **Endurmenntunarnámskeið.**
3. **Önnur mál.**

Jósef setti fundinn og stýrði honum.

1. **Starfsmannamál.**

Forstöðumaður greindi frá breytingum í starfsmannamálum. Karen Júlía Sigurðardóttir sálfræðingur er að fara í barnsburðarleyfi í 12 mánuði, frá 15.08.2004.

Ólafía Þórunn Stefánsdóttir kennsluráðgjafi hefur sagt upp starfi sínu. Forstöðumanni falið að auglýsa þessar stöður.

2. **Endurmenntunarnámskeið.**

Forstöðumaður greindi frá umsókn Skólaskrifstofunnar um styrki til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla til námskeiðahalds. Eftirtalin námskeið fengu styrkúthlutun:

- ✚ Atferli og hegðun
- ✚ Áfallahjálp
- ✚ Heimilisfræði
- ✚ Líffræði og eðlisfræði
- ✚ Smíðar – málmsmíði
- ✚ Stærðfræði
- ✚ Vinna með fjölbreyttar þarfir einstaklinga og hópa.

Heildarfjárhæð styrkja frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla til námskeiða SKA var kr. 909.000,- Námskeiðin verða haldin í sumar. Fram kom að á síðasta sumri sóttu um 200 grunnskólakennarar námskeið á vegum Skólaskrifstofunnar, en alls eru um 250 kennarar í starfi í grunnskólum á starfssvæði skrifstofunnar.

3. **Önnur mál.**

- 3 A. Í síðastliðnum mánuði lauk náminu Fært Fólk sem var ætlað aðstoðarfólki í leik- og grunnskólum á Austurlandi. Námið var haldið af Skólaskrifstofu Austurlands, Fræðsluneti Austurlands og Verkmenntaskóla Austurlands. Nemendur voru 36 og var námið 182 kennslustundir.
- 3 B. Forstöðumaður kynnti bréf til Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins með áskorun um úrbætur í meðferðarmálum barna með alvarleg hegðunar og tilfinningaleg vandkvæði.
- 3 C. Forstöðumaður greindi frá því að í undirbúningi er að koma á listtengdum námskeiðum fyrir börn.

